**Sþ.** **717. Fyrirspurn** [378. mál]

til tryggingamálaráðherra um framkvæmd laga um fæðingarorlof.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Hvernig er háttað framkvæmd þeirra ákvæða í lögum um almannatryggingar sem fjalla um rétt barnshafandi konu til fæðingarorlofs, allt að 60 dögum til viðbótar hinu lögbundna fjögurra mánaða orlofi, þegar hún þarf að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma af heilsufars- eða öryggisástæðum, sbr. 7. mgr. 16. gr. og k-lið 26. gr. almannatryggingalaga?